

1403420

FERÐAMÁLAFRÉTTIR



Á bls. 2

Hólaborg	2
Bakkabestar	2
Þjónustulisti	2

Molar

Heimsóknir

Í vor heimsóttu starfsmenn upplýsingamiðstöðvarinnar ferðapjónustufyrirtæki, sérstaklega niður við ströndina. Afar ánægjulegt var hversu fólk leggur mikinn metnað í að gera allt sem best verður á kosið og viljum við þakka öllum fyrir frábærar móttökur. Nú þegar mestu annir sumarsins eru að baki munum við huga að frekari heimsóknum. Markmið

okkar er að hitta sem flesta sem starfa við ferðapjónustu í sveitarfélaginu, það auðveldar okkur upplýsingagjöf til ferðamanna, hvort sem er á staðnum eða í gegnum fyrirspurnir af netinu.

FJÖLDI FERÐAMANNA


Lífllegt var í sumar í upplýsingamiðstöð ferðamála en fjöldi ferðamanna sem lögðu leið sína í upplýsingamiðstöðina, í mánuðunum júní, júlí og ágúst, voru ríflega 5.300. Það er mikil aukning frá sömu mánuðum á árinu 2014 en þá komu rúmlega 3.200 ferðamenn og nemur aukningin 66%. Á sama tíma nam aukning á komum ferðamanna um Leifsstöð 24%. Sé gert ráð fyrir því að þeir hefðu skilað sér í sama hlutfalli og árið 2014 hefðu átt að koma 3969 ferðamenn í upplýsingamiðstöðina á þessu sumri. Að teknu tilliti til fjölgunar ferðamanna til Íslands á sama tíma jókst því hlutfall þeirra sem komu í upplýsingamiðstöðina um 34%. Hlutfallslega eru því fleiri að staldra við í sveitarfélaginu en árið 2014. Við vonum að ferðapjónustuaðilar hafi orðið varir við þessa fjölgun en gestum var í miklum mæli

Ár	Júní	Júlí	Ágúst	Samtals
2015	1245	1870	2197	5312
2014	916	1291	994	3201

Fjöldi ferðamanna árin 2014 og 2015

Mánuður	2014	2015	Fjöldi	(%)
Júní	916	1,245	329	36%
Júlí	1,291	1,870	579	45%
Ágúst	994	2,197	1,203	121%
Samtals	3,201	5,312	2,111	66%

Hlutfallsleg breyting á fjölda ferðamanna á milli ára



Fjöldi ferðamanna eftir vikudögum frá júní til ágúst 2014 og 2015

bent á afþreyingar og gistingualeika innan sveitarfélagsins.

Einnig er áhugavert að skoða heimsóknir eftir vikudögum en áberandi er

hversu margir koma á mánuðögum en svo dregur smámsaman úr heimsóknum eftir því sem líður á vikuna.

ÖRYGGI FERÐAMANNA

Það er mikilvægt fyrir okkur sem störfum í ferðapjónustu að reyna eftir bestu getu að tryggja öryggi þeirra ferðamanna sem ferðast um landið okkar með því að halda þeim vel upplýstum um færð, veður, náttúruhamfarir og annað sem gæti skapað hættu. Eftir því sem ferðamenn eru betur upplýstir, þeim mun minni líkur eru á að

óhapp verði. Nú þegar veturinn er handan við hornið er gott fyrir okkur sem störfum að kynna okkur meðal annars þá vefi sem hafa að geyma mikilvægar upplýsingar er öryggi varðar. Einnig er velkommið að benda ferðamönnum á að koma við í upplýsingamiðstöðinni til þess að nálgast þessar upplýsingar

sem og ef fólkí vantar aðstoð við að breyta ferðaplönun.

Á heimasíðu Slysavarnarfélagins Landsbjargar, landsbjorg.is, er að finna mikilvægar upplýsingar um hvernig hægt er að koma í veg fyrir slys með réttari ferðahegðun en við hvetjum alla til þess að skoða þá síðu mjög vel.

Nokkrar góðar síður:

Heimasíða Veðurstofu Íslands – www.vedur.is.

Heimasíða Vegagerðarinnar – www.vegagerdin.is, skoða m.a. opnun/lokun fjallvega.

Heimasíða Safe Travel, www.safetravel.is vefur sem gefinn er út af Slysavarnarfélaginu Landsbjörg

Starfsmenn



Okkur hefur borist góður liðsstyrkur í upplýsingamiðstöðinni en Bjarni Skarphéðinsson hefur verið ráðinn í hlutastarf. Bjarni er að góðu kunnur en hann hefur unnið ótöllega að íþrótt- og æskulýðsmálum innan sveitarfélagsins, nú síðast sem framkvæmdastjóri kórfuknattleiksakademíu FSU.


Norðurljósín

Nú þegar tekur að hausta hefst tímabil norðurljósanna í ferðapjónustunni. Margir ferðamenn leggja leið sína til Íslands eingöngu til þess að sjá norðurljósín en dæmi er um að fólk komi með opinn miða og ætli sér ekki heim fyrr en norðurljósín hafa látið sjá sig. Mikið er spurt í upplýsingamiðstöðinni um virkni og líkur og jafnvel klukkan hvað norðurljósín komi. Á vefsíðu veðurstofunnar er hægt að finna norðurljósaspá og skýjahuluspá en hvoru tveggja hjálpar mjög til þess að svara spurningum ferðamanna um líkur. Einnig er gagnlegt að skoða síðuna www.gi.alaska.edu/AuroraForecast/Europe/ en þar má sjá hvar virknin liggur yfir landinu ásamt því að nálgast spá fyrir næstu daga.

Við hjá upplýsingamiðstöðinni bjóðum upp á þá þjónustu að bóka fólk m.a. í norðurljósiferðir og því er velkomið að beina fólki í upplýsingamiðstöðina hvort sem það vill leita upplýsinga og/eða bóka.

Útgefandi: Upplýsingamiðstöð Árborgar.
Ábyrgðarmenn: Heiðar Guðnason og Helga Gísladóttir.
Textaskrif: Heiðar Guðnason, Helga Gísladóttir og Bjarni Skarphéðinsson.
Sími: 482 4241
Vefsíða: tourinfo.arborg.is
Netfang: tourinfo@arborg.is

NÝIR AFÞREYINGARMÖGULEIKAR Í ÁRBORG



HÓLABORG
SJÚKRA- OG ÞREKJÁLFUNARMIÐSTÖÐ

Hólaborg

Hólaborg er hefur nú opnað ferðapjónustufyrirtæki sem býður upp á skemmtilega afþreyingu fyrir ferðamenn á öllum aldri. Þar á bæ hefur verið rekin ein fullkornasta sjúkra- og þrekjálfunarstöð hrossa síðastliðin ár en nú hafa þau Ingimar Baldvinsson og Emilia Staffansdóttir opnað dýrnar fyrir ferðamenn og bætt við daglegan rekstur í Hólaborg. Nú er boðið upp á skoðunarferðir um glæsileg húsakynni þeirra, þar sem hægt er að skoða alla aðstöðu og fá fræðslu um daglegan rekstur og heimsækja dýrin sem nú eru orðin fjölmörg og þar má finna geitur, hænur, hunda, ketti og ýmislegt fleira.

Einnig er boðið upp á fjór hjólaferðir á nýjum og

glæsilegum fjór hjólum þar sem keyrt er frá Hólaborg niður í fjöru þar sem hægt er skoða hraunið í fallettri fjörunni áður en ekið er að Knarrarósvita og komið við í rjómbúinu á Baugsstöðum þar sem hægt er að skoða og fá fræðslu um starfsemi þess á árum áður og fá að smakka skyr með rjóma. Ferðin tekur um tvær klukkustundir og endar aftur í Hólaborg. Ferðin er skemmtileg og fræðandi og umfram allt á góðu verði.

Hólaborg er glæsilegur staður og húsið hlýlegt og skemmtilegt. Hægt er að taka á móti nokkuð stórum hópum og er aðstaðan öll til fyrirmyndar.

Allar frekar upplýsingar má finna á heimasíðu þeirra www.holaborg.com og í síma 664-8088



Úr einni af fjór hjólaferðum Hólaborgar

Bakkahestar

Á Eyrarbakka hefur opnað ný hestaleiga sem býður upp á stuttar hestaferðir um nágrenni bæjarins og niður að sjó. Bakkahestar taka á móti bæði vönnum og óvönnum gestum og hafa til taks trausta og góða hesta og góða leiðsögumenn. Tilkoma Bakkahesta er skemmtileg viðbót fyrir ferðamenn á svæðinu sem eru að leita sér að afþreyingu.



Eigendur Bakkahesta, Steinn Ævar Skúlason og hjónin Jessica Dahlgren og Skúli Ævar Sveinsson ásamt börnum þeirra hjóna.

Hægt er að bóka ferðir í síma 823-2205 og 698-1509. Einnig er hægt að fá frekari upplýsingar á heimasíðunni www.bakkahestar.is

ÞJÓNUSTULISTI ÁRBORGAR

Talsverð vinna var lögð í vor í upp færslu þjónustulistans í nýjustu útgáfu götukorts Árborgar. Ávallt er þó möguleiki á að villa hafi slæðst með og/eða upplýsingar vanti. Að sama skapi hefur verið unnið að því að uppfæra þjónustulistann á heimasíðu Árborgar

www.tourinfo.arborg.is, bæði á íslensku og ensku.

Það væri afar vel þegjið að fá ábendingar er varða þjónustulistann.

Ábendingar sendist á netfangið tourinfo@arborg.is og munum við þá lagfæra það sem vantar og/eða er vitlaust skráð.

Einnig viljum við minna á að fólk er alltaf velkomið í upplýsingamiðstöðina, hvort sem er í spjall um ferðamál eða bara um daginn og veginn sem og ef við getum veitt einhverja aðstoð er varðar ferðapjónustutengd mál. Einnig eigum við talsvert af upplýsingaefni sem getur

komið sér vel að hafa við hendina.

